



Kæra nr_ 103_2025 - Gufuneskirkjugarður - Deiliskipulag

Móttekið	28.7.2025 10:17:14
Búið til dags.	28.7.2025 10:36:33
Tilheyrir	USK25070337 - Kæra nr. 103/2025 - Gufuneskirkjugarður - Deiliskipulag
Frá	Upplýsingar - Pósthólf Símaver (upplýsingar@reykjavik.is)
Til	skjalastyring@reykjavik.is

Innihald



uua@uua.is has just sent this issue

Reykjavík / RVK-17121

Gufuneskirkjugarður. 103/2025

Description:

Góðan dag.

Hinn 7. júlí 2025 barst úrskurðarnefndinni kæra sem fékk málsnúmerið 103/2025, þar sem kærð var ákvörðun um breytingu deiliskipulags Gufuneskirkjugarðs.

Meðfylgjandi er kæran og fylgigögn hennar **ásamt úrskurði í málinu.**

Kveðja,

Ingunn Einarsdóttir, lögfræðingur

Úrskurðarnefnd umhverfis-og auðlindamála

Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 575 8710

www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Samskipti í beiðni:

uua@uua.is - föstudagur 15:54

[103 2025 Gufuneskirkjugarður.pdf](#)  (215 kB)

[Kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.pdf](#)  (15 kB)



Vinsamlegast svaraðu viðkomandi á eftirfarandi netfang: uua@uua.is

This email was sent by the [Email This Issue](#) Cloud add-on

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

7.7.2025 14:57

1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda. Ef fleiri koma að kæru þarf umboð frá meðkærendum ef kærán er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

Fullt nafn	Árný Elínborg Ásgeirsdóttir
Kennitala	
Heimilisfang	Jöfursbás 11
Póstnúmer	112
Staður	Reykjavík
Sími	
Netfang	

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

2. Umboðsmaður kæranda/kæranda ef við á

Fullt nafn	
Kennitala	
Heimilisfang	
Póstnúmer	
Sími	
Netfang	
Umboð	

3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgangiðsla stjórnvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

Efni kærunnar

Nýlega undirritaði dómsmálaráðherra viljayfirlýsingu með fulltrúa Kirkjugarða Reykjavíkur um bálstofu í Gufuneskirkjugarði. Ákvörðun byggir á úreltu deiluskipulagi sem miðar við tíma þar sem hverfið í Grafarvogi var allt öðruvísi. Í dag er íbúabyggð þétt upp við kirkjugarðinn. Bálstofan mun stórauka umferð um Grafarvoginn og sérstaklega í kring um kirkjugarðinn. Í kring er sundlaug, skóli, útisvæði íþróttu og íbúabyggð. Mikið um börn er því á svæðinu. Aukin umferð skapar aukna hættu fyrir íbúa, aukna mengun ásamt því að skapa auknar umferðarteppur. Tæki bálstofu geta alltaf bilað eins og öll tæki og því heppilegra að þetta sé fjarri íbúabyggð. Ég vil að komið sé í veg fyrir að bálstofan fái að rísa þarna sem íbúi í Grafarvogi og kalla eftir breytingu á deiluskipulagi þess efnis, í takt við byggðina eins og hún er í dag.

Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun	Skipulagsyfirvöld Reykjavík
Dagsetning ákvörðunar	30.05.2000

Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar)

4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tiltekna framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögætti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

Breyting á deiluskipulagi sem heimilar bálstofu í Gufuneskirkjugarði. Uppfæra verður deiluskipulag miðað við byggð í dag. Í dag er þetta of nærri íbúabyggð og ætti því að afturkalla leyfi fyrir bálstofu þarna.

5. Hagsmunir kæranda/kæranda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kærenda?

Íbúi í Grafarvogi

6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

Ég komst nýlega að því að setja ætti upp bálstofu og að það væri skv. úreltu og gömlu deiluskipulagi sem var samþykkt þegar byggð var öðruvísi í Grafarvogi.

7. Rökstuðningur fyrir kæru

Aukning á umferð og mengun þegar búnaður bilar, öll tæki geta bilað. Svona búnaður á að vera fjarri íbúabyggð.

8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

Nei

9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	nei
Númer skjals:	0
Fylgiskjal	gufuneskirkjugarður.jpeg



Árið 2025, föstudaginn 25. júlí, tók Ómar Stefánsson, varaformaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fyrir með heimild í 3. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 130/2011:

Mál nr. 103/2025, kæra á ákvörðun skipulagsyfirvalda frá 30. maí 2000 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Gufuneskirkjugarðs.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, er barst nefndinni 7. júlí 2025, kærir Árný Elínborg Ásgeirsdóttir, Jöfursbás 11, Reykjavík, ákvörðun skipulagsyfirvalda í Reykjavík frá 30. maí 2000, en ætla verður að hér sé um að ræða ákvörðun um breytingu á deiliskipulagi Gufuneskirkjugarðs. Er gerð sú krafa að deiliskipulaginu verði breytt hvað varðar heimild fyrir bálstofu í kirkjugarðinum.

Málsatvik og rök: Gufuneskirkjugarður var vígður árið 1980. Hann er staðsettur í Grafarvogshverfi og er um 30 ha að stærð. Fyrsta deiliskipulag svæðisins mun hafa verið samþykkt árið 1978 og frá þeim tíma hafa verið samþykktar ýmsar breytingar á því.

Kærandi bendir á að nýlega hafi dómsmálaráðherra og fulltrúi Kirkjugarða Reykjavíkur undirritað viljayfirlýsingu um að reist yrði bálstofa í kirkjugarðinum. Ef af verði muni umferð á svæðinu aukast mikið sem skapi hættu fyrir íbúa hverfisins og aukna mengun. Deiliskipulag fyrir Gufuneskirkjugarð sé úrelt og því þurfi að breyta, en þétt íbúabyggð sé nú við kirkjugarðinn, sundlaug, skóli og útisvæði.

Niðurstaða: Kæra á ákvörðun skipulagsyfirvalda frá 30. maí 2000 barst að liðnum lögbundnum eins mánaðar kærufresti skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 skal vísa kæru frá hafi hún borist að liðnum kærufresti nema að afsakanlegt verði talið að kæran hafi ekki borist fyrr eða veigamiklar ástæður mæli með því að kæran verði tekin til meðferðar. Kæru skal þó ekki sinnt ef meira en ár er liðið frá því að ákvörðun var kynnt aðila, sbr. 2. mgr. ákvæðisins.

Kröfugerð kæranda í málinu hljóðar á um að deiliskipulagi fyrir Gufuneskirkjugarð verði breytt. Sveitarstjórnir bera ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags innan marka sveitarfélags skv. 3. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, en í því felst einnig heimild til breytinga á gildandi deiliskipulagi, sbr. 43. gr. laganna.

Hlutverk úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðana og í ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á því sviði, sbr. 1. gr. laga nr. 130/2011. Úrskurðarnefndin tekur því lögmatið kærðrar stjórnvaldsákvörðunar til endurskoðunar en tekur

ekki nýja ákvörðun í máli eða leggur fyrir stjórnvöld að framkvæma tilteknar athafnir, svo sem að hefja gerð skipulagsáætlana eða breyta þeim.

Með vísan til framangreinds getur úrskurðarnefndin hvorki tekið kærumál þetta til meðferðar þar sem kærufrestur er liðinn né tekið afstöðu til kröfugerðar kæranda í málinu. Verður kærumálinu því vísað frá úrskurðarnefndinni.

Rétt þykir að benda á að unnt er að senda erindi til viðkomandi skipulagsyfirvalda með beiðni eða kröfu um breytingu á deiliskipulagi og getur stjórnvaldsákvörðun í slíku máli eftir atvikum verið kæranleg til úrskurðarnefndarinnar.

Úrskurðarorð:

Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Ómar Stefánsson (sign)